



Stjórn SSH 392. fundur

Mánudaginn 2. september 2013 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Dagur B. Eggertsson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir og Haraldur Sverrisson.

Forföll: Gunnar Einarsson og Guðný Ívarsdóttir

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Málafni skíðasvæðanna – nýr samstarfssamningur.

Ómar Einarsson, sviðsstjóri íþrótta- og tólmundasviðs Reykjavíkurborgar sat fundinn undir þessum dagskrárlíð

Fyrir fundinum lágu uppfærð drög að nýjum samstarfssamningi um rekstur skíðasvæðanna. Ennfremur lá fyrir umsögn stjórnar skíðasvæðanna um drögin dags. 2. september 2013.

Ómar Einarsson gerði grein fyrir þeim beytingum sem gerðar hafa verið á samningsdrögunum frá umfjöllun á stjórnarfundum 12. ágúst sl.

Jafnframt lá fyrir tillaga að rekstrar- og framkvæmdaáætlun fyrir skíðasvæðin 2014, og tillaga að fjárfestingaáætlun skíðasvæðanna 2014 – 2016.

Umræður.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti að leggja til við aðildarsveitarfélögin að fyrirliggjandi rekstraráætlun skíðasvæðanna fyrir 2013 verði samþykkt og tekin þannig inn á fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna fyrir 2014.

Samþykkt að fresta afgreiðslu fjárfestingartillögu skíðasvæðanna til næsta fundar, og fá gleggri upplýsingar um þau verkefni sem tillagan byggir á.

2. Fjölsmiðjan - þjónustusamningur

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra með greiningu á rekstri og fjárhagsstöðu Fjölsmiðjunnar sbr. bókun stjórnarfundar 11. febrúar 2013. Í minnisblaðinu er sett fram tillaga um framhald við gerð nýs þjónustusamnings við Fjölsmiðjuna

Umræður.

Niðurstaða.

Stjórn samþykkti að leggja til við aðildarsveitarfélögin að gengið verði til nýs samnings við Fjölsmiðjuna á grundvelli tillögu framkvæmdastjóra.

3. Vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins

Fyrir fundinum lágu eftirtalin gögn:

- a) Minnisblað framkvæmdastjóra
- b) Minnisblað Vatnaskila – verkefnatillaga v. áhættumats umferðar innan vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins
- c) Minnisblað Vatnaskila – frumkostnaðarmat vegna áhættumats umferðar sbr. b)

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti að fela framtíðarhópi SSH að móta verkefnið áfram samhliða mótun tillögu að skipun í nýjan samráðsvettvang um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins sbr. samþykkt stjórnar frá 3. júní 2013.

4. Aðalfundur SSH 2013 - undirbúningur

Rætt var um undirbúning aðalfundar SSH 2013

Niðurstaða:

Samþykkt að aðalfundur SSH 2013 verði haldinn 25. október nk. í Reykjavík. Framkvæmdastjóra falið að vinna að undirbúningi fundarins.

5. Önnur mál.

a) Fundur með stjórn Byggðastofnunar.

DBE gerði grein fyrir fundi sem hann, framkvæmdastjóri SSH og svæðisskipulagsstjóri SSH sátu með stjórn Byggðastofnunar 26. ágúst sl. Fundurinn var haldinn að beiðni stjórnar Byggðastofnunar.

b) Dómur Hæstaréttar vegna skerðingar örorkubóta v. búsetulengdar hér á landi

Rætt var um nýgenginn dóm Hæstaréttar og möguleg áhrif hans á framfærslu sveitarfélaga. Upplýst var að málið er nú til skoðunar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

c) Hagsmunasamtök heimilanna - styrkbeiðni

-Lagt fram.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:10